

Um geðheilbrigðismál

VEGNA skrifa um geðheilbrigðismál vil ég leggja nokkur orð í belg. Árið 1954 komu fyrstu geðlyfin á markað. Á þeim tímapunkti gat fólk í hrönnum útskrifast af Kleppspítalanum og jafnvel sótt vinnu. Þá var hætt að nota spennitreyjur og vatnsmeðferð. Síðan hafa að mínu áliti orðið straumhvörf í þágu þeirra sem þjást af geðröskunum. Ný og sérhæfð lyf, ásamt viðtalsmeðferðum og vinnustöðum fyrir öryrkja. Einn þessara vinnu-

staða er Múlalundur, sem jafnvel á að loka. Finnst mér það afturför en mér skilst að það eigi að gera úttekt á þeim stað. Finnst mér yfirbyggingin þar óþarflega mikil. Staður eins og Geðhjálp, Vin og fleiri hafa sýnt mikinn árangur og eru athvarf margra þar sem þeir taka virkan þátt í meðferðinni. Er ég nokkuð sáttur við mestan hluta þess sem er að gerast í geðheilbrigðismálum núna.

Guðbjörn Hjálmarsson,
Hátúni 10a.